

REGLUGERÐ

28

6. marz

um geldingu húsdýra og afhendingu deyfilyfja til geldingamanna.

1. gr.

Héraðsdýralæknar skulu, þegar nauðsynlegt þykir að dómi sýslunefndar og yfir-dýralæknis, skyldir að gefa mönnum kost á að læra aðgerðir við vörun húsdýra og meðferð svæfingar- og deyfilyfja, sem nauðsynleg eru við þær aðgerðir.

2. gr.

Þegar geldingamenn hafa aflað sér nægilegrar þekkingar og leikni til þess að inna vananir vel af hendi, skal héraðsdýralæknir sá, sem kennsluna hefur annazt, láta geldingamanni í té vottorð um það.

Setur sýslunefnd þá geldingamanni skipunarbréf, sem gefur rétt til þess að framkvæma geldingar innan sýslunnar, en eigi annars staðar.

Slík skipun geldingamanna skerðir þó eigi rétt skipaðra dýralækna, og skal því sýslunefnd ávallt leita samþykkis viðkomandi héraðsdýralæknis, áður en skipun geldingamanna fer fram, og skal hann jafnframt segja fyrir um á hve stóru svæði innan umdæmisins geldingamaður skal starfa.

3. gr.

Héraðsdýralæknar og héraðslæknar skulu ávísá með lyfseðli geldingamönnum, sem starfa samkvæmt lögum nr. 123 27. des. 1935, um geldingu húsdýra, nauðsynlegum deyfingar- og svæfilyfjum, eða láta þau af hendi sjálfir, ef þeir hafa rétt til lyfjasölu. Til þessara nota má ávísá eða láta af hendi klóróform, klóralhydrat, eter og staðdeyfingarlyfin prókain, tetrakain og xylokain, hins vegar aldrei kókain. Um afhendingu og afgreiðslu lyfjanna skal að öðru leyti fara samkvæmt reglum nr. 273 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja frá 30. des. 1950.

4. gr.

Geldingamenn, sem hafa í vörzlum sínum deyfingarlyf og svefnlyf, er um getur í 3. gr., skulu geyma þau í lokaðri hirzlu, sem enginn hefur aðgang að nema þeir sjálfir, og hin eldfimu efni fjarri eldi þannig, að sem tryggilegast sé girt fyrir, að slys hljótist af þeim. Þeir mega og ekki í neinu skyni láta lyf þessi af hendi til annarra.

5. gr.

Nú fylgir geldingamaður eigi settum reglum um svæfingu eða deyfingu gripa við geldingu, eða vikur að verulegu leyti frá viðurkenndum aðferðum um framkvæmd aðgerðarinnar að dómi héraðsdýralæknis og skal hann þá þegar í stað sviptur réttindum til þess að starfa sem geldingamaður. Sama máli gegnir, ef hann misnotar lyf þau, sem honum er trúáð fyrir sem geldingamanni.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 300—1500 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum.

- 28** Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 123 27. des. 1935, um geldingu húsdýra, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi fallnar reglur um sölu og afhendingu deyfilyfja til geldingar húsdýra, nr. 40 28. apríl 1937.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

29

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Sóttvarnasjóðs ríkisins á árinu 1955.

	T e k j u r :	
1. Stofnfé sjóðsins:		
a. Lagt í sparisjóðsbók nr. 6646 í Landsbanka Íslands	kr. 250000.00	
b. Lagt í sparisjóðsbók nr. 2572 í Iðnaðarbanka Íslands	— 483656.42	
2. Vextir í sparisjóðsbók nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 2601.03	
Vextir í sparisjóðsbók nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 3829.10	
Vextir af verðbréfum í Landsbanka Íslands ...	— 5350.00	
Hagnaður af keyptum bankavaxtabréfum	— 4351.65	
		— 16131.78
		Kr. 749788.20
	G j ö l d :	
1. Í sjóði til næsta árs:		
a. Í verðbréfum	kr. 150000.00	
b. Innst. í sparisjóðsb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 112302.68	
c. Innst. í sparisjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 487485.52	
		— 599788.20
		Kr. 749788.20

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 28. jan. 1959.

Vilm. Jónsson.